

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 12. október 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til lóðarinnar Dvergaholts 1 og felur í sér að skilmálum lóðarinnar er breytt á þann veg að lóðin verður ekki ætluð fyrir búsetukjarna og að innan hennar verður heimilt að byggja allt að 12 íbúðir í stað 6 áður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 24. nóvember 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 8. desember 2022